

gallerí
KLAUSTUR
2008

Séverine Thevenet

Litli

6.6. - 3.7.



Litli

Sagan af Litla nær aftur til ársins 2001. Í mannfræðinámi mínu hreifst ég mjög af shamanisma, hinu heilaga og norrænni goðafræði. Þegar ég var svo að vinna að verkefni með myndhöggvaranum Midori Sakurai um slóð ljóssins, fékk ég þá hugmynd að skapa ósýnileg form í náttúru Íslands og gefa út á bók. Eftir árs rannsóknir gat ég hrint þessu verkefni í framkvæmd. Stuttu fyrir brottför varð aðstoðarmaður minn hins vegar ósýnilegur svo ég fór ein. Í heilan mánuð var ég ein í náttúrunni að leita að hinu ósýnilega og átti ég undursamleg kynni við litina, efnið og náttúruna og tók myndir af öllu sem ég hafði ekki þolað áður: landslagi og litum.

Afraksturinn af þessu ferðalagi var landslagsmyndaröð sem ég kallaði „Soliquétud“ (Einfriðsemd). Þarna hófst sagan af Litla: Ég vildi gera bók með þessum myndum, segja frá þessu persónulega ævintýri í náttúrunni og deila þessari upplifun minni, sýn minni á hið ósýnilega.

Sem ljósmyndari og brúðugerðarmaður fannst mér að ég þyrfti einhverja persónu til að segja sögu mína. Litla fann ég fyrir tilviljun á háalofti í nágrenni við Lyon, ég tók hann strax í fóstur og bjó hann til fararinnar. Ég fann leið til að komast aftur til Íslands (sem kokkur og leiðsögumaður) og komst þannig aftur í þetta landslag sem ég saknaði svo mikið og veitti mér innblástur til að gera hugmynd mína að veruleika.

Litli segir frá þessum kynnum við náttúruna, við sjálfan sig, við aðra. Hann segir frá ferðinni, umbreytingunni, fæðingunni eða endurfæðingunni. Ísland markaði nýtt upphaf fyrir mig, allt sem ég þoldi ekki í ljósmyndum vekur mér nú ánægju, að ljósmynda í lit „autt“ landslag.

Séverine Thevenet

SÉVERINE THEVENET



Séverine Thevenet er fædd árið 1972 í Lyon í Frakklandi. Áhugi hennar á ljósmyndun vaknaði snemma og byrjaði hún ung að aldri að taka myndir og vinna við ljósmyndun. Hún stundaði nám í leiklist í Lyon og mannfræði við Saint Denis háskólann í París. Séverine hefur unnið mikið við leikhús, brúðuleikhús og ljósmyndun og tekið þátt í fjölda sýninga. Árið 2000 ákvað hún að starfa sjálfstætt og óháð öðrum að þessum listgreinum. Þær eru Séverine afar hugleiknar og í hennar huga tákna ljósmyndun hið andlega og leiklistin hið líkamlega. Þar sem þessir þættir verða seint aðskildir ákvað Séverine að sameina þá í starfi sínu. Afrakstur vinnu hennar má sjá í fyrstu bók hennar, *Litli soliquiétude*, sem kom út á vegum bókaútgáfunnar *Où sont les enfants* í febrúar síðastliðnum.

Catherine Leblanc er höfundur textans sem prýðir myndirnar af Litla. Hún er fædd árið 1956 í Cholet í Frakklandi. Catherine hefur skrifað fjölda ljóðabóka og skáldsagna fyrir börn, unglinga og fullorðna. Hún hefur hlotið mörg verðlaun fyrir verk sín, m.a. verðlaunin *Prix de Póésie Jeunesse* fyrir ljóðabók sína *Des étoile sur les genoux* árið 1999 og fyrstu verðlaun *Crous Pays de Loire* árið 2006 fyrir smásöguna *Des morceaux de lui vont s'en aller*.

Catherine skrifar á máli sem börn skilja og er bókin um Litla gott dæmi um það. Þar er engu ofaukið, heldur er kjarninn í ljósmyndum Séverine dreginn fram í örfáum orðum : „Ég bætti bara fáeinum orðum við myndirnar hennar Séverine. Það eru forréttindi að fá að skrifa texta við myndir en ekki öfugt.“